

29. júní 2018 | Fólk í fréttum | 85 orð | 3 myndir

**Myndlistarsýning Zoé Sauvage, Nýja-Zoéland, var opnuð í Listastofunni í gær**

## Sýningin New-Zoéland/Nýja-Zoéland var opnuð í Listastofunni við...

Sýningin New-Zoéland/Nýja-Zoéland var opnuð í Listastofunni við Hringbraut í gær.

Sýningin New-Zoéland/Nýja-Zoéland var opnuð í Listastofunni við Hringbraut í gær. Henni er lýst sem „innblásinni ferð í duttlungafullan hugarheim listamannsins Zoé Sauvage gegnum teikningu/málverk, myndband, innsetningu“ og landið sem sé heimsótt sé frændeyja Nýja-Sjálands. Eftir langt háskólanám og meistaraþróf í vistfræði, siðfræði og þróunarvísindum ákvað Sauvage að túlka heillun sína á hinum lifandi heimi yfir í listaheiminn, eins og það er orðað í tilkynningu frá Listastofunni þar sem segir að í myndlistarheimi hennar þjóni vatnslitablettir og blek hlutverkum í frumlegri fléttu af persónulegum goðsagnalegum alheimi.



Gestir Carissa og Annel voru við opnun sýningarinnar.



[ Smellið til að sjá stærri mynd ]